

## Fundargerð

### 222. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs Þriðjudaginn 26. apríl 2016 kl. 12<sup>15</sup>–13<sup>50</sup>.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.  
Bryndís Skúladóttir (BS) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.  
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ) Gestur: Már Karlsson (MK) ÚS  
Guðfinnur Johnsen (GJ)  
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)  
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)  
Lúðvík Gústafsson (LG) (fjarverandi)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðast fundar
- (2) Ársreikningur 2015
- (3) Spilliefni
- (4) Ökutæki
- (5) Önnur mál

### 1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (221. fundar).

*Samþykkt*

### 2. Ársreikningur 2015

Farið var yfir ársreikning Úrvinnslusjóðs 2015 sem og skýrslu stjórnar. Dreift var á fundinum ársreikning sem Ríkisendurskoðun hefur stillt upp fyrir rekstrarárið 2015.

*Ársreikningur samþykktur og undirritaður.*

### 3. Spilliefni

Á 220. stjórnarfundum sem haldinn var 29. mars 2016 var lagt fram minnisblað af fundi GGÞ og ÓK með fulltrúum Efnamóttökunnar. Á fundinum var m.a. farið yfir ýmis verðskrármál sem snúa að spilliefnum. Minnisblaðið var lagt fram á fundinum.

ÓK og MK fóru yfir að Kalka hækkaði gjaldskrá við eyðingu spilliefna um að jafnaði 6% um sl. áramót. Laun hafa hækka um 9% og annar kostnaður þjónustuaðila um 6%. Lögð var fyrir fundinn eftirfarandi tillaga um hækkun endurgjalds skv. kostnaðarlíkani er farið var yfir og dreift á fundinum. Stjórnarmenn ræddu framkomnar upplýsingar.

*Stjórn samþykkti samhljóða tillögu um gjaldabreytingar er nemur 6% hækkun að jafnaði á núverandi endurgjaldi Úrvinnslusjóðs vegna meðhöndlunar á spilliefnum. Hækkunin gildir frá og með 1. apríl 2016*

ÓK og MK fóru yfir að flutningstöxtum vegna meðhöndlunar spilliefna var síðast breytt í september 2009. Lögð var fram á fundinum tillaga um hækkun flutningagjalda þar sem tekið er mið af flutningatöxtum flutningafyrirtækja og verðbreytingum frá síðustu gjaldskrá. Stjórnarmenn ræddu framkomnar upplýsingar.

*Stjórn samþykkti samhljóða tillögu um gjaldabreytingar er nema 25-30% hækkun á núverandi gjaldskrá Úrvinnslusjóðs vegna flutnings á spilliefnum til þjónustuaðila. Hækkunin gildir frá og með 1. apríl 2016.*

ÓK fór yfir meðhöndlun á smurolía í smáílátum: Kallað hefur verið eftir skýrari skilgreiningu á hvað fellur undir skilmála fyrir smurolíu í smáílátum sbr. umræðu á ofangreindum stjórnarfundum (nr.220). Lagt var fram á fundinum minnisblað um skilgreiningar og endurgjald fyrir olíu í smáílátum. Stjórnarmenn ræddu framkomnar upplýsingar.

*Stjórn samþykkti samhljóða tillögu um gjaldabreytingar á núverandi gjaldskrá Úrvinnslusjóðs vegna meðhöndlunar á smurolíu í smáílátum til þjónustuaðila. Greiða skal 96 kr/kg fyrir smurolíu í smáílátum er fellur til á söfnunarstöðvum. Greiða skal 15 kr/kg fyrir smurolíu í smáílátum er fellur til annars staðar en á söfnunarstöðvum og í minna magni en 400 lítrum. Hækkunin gildir frá og með 1. apríl 2016.*

Á fundinum kom fram ósk um greiðslu fyrir meðhöndlun á olíusíum. Úrvinnslusjóður hefur til þessa ekki greitt fyrir olíusíur sem notaðar eru í ökutækjum en greitt hefur verið smáílátagjald fyrir olíuna sem kemur úr síunum. Olíusíur sem búið er að tæma af olíu hafa farið í brotajárn. Hertar kröfur varðandi olíumengun er fylgir málminum úr olíusíunum eru að skapa vandamál við afsetningu brotmálma til frekari endurvinnslu.

#### **4. Ökutæki**

Lögð voru fram á fundinum drög að skilmálum um móttöku og meðhöndlun úrsérgenginna öktækja. Umræðu frestað.

Næsti fundur ákveðinn 10. maí 2016.  
Fundi slitið kl 13.50